



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2020

2012007SA KB/vrb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019, mál nr. 280.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, mál nr. 280.

Frumvarpinu er ætlað að lagfæra vankanta á gildandi umferðarlögum nr. 77/2019 sem tóku gildi 1. janúar sl. Því er ætlað að koma í veg fyrir aukna stjórnisýslubrýði og kostnað borgara, einfalda ferli við veitingu undanþága, einfalda ferli opinberra aðila við innheimtu gjalda fyrir notkun stöðureita og skýra orðalag tiltekinnna lagaákvæða. Þá er með frumvarpinu verið að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2019/631 sem leiðir til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) verður veitt heimild til að leggja gjald á framleiðendur ökutækja sem ekki uppfylla viðmið um hámarks útblástur koltvísýrings.

Afstaða sambandsins

Að álitu sambandsins er afar jákvætt að ráðuneyti beiti sér fyrir því að lagfæra vankanta á gildandi lögum með það að markmiði að einfalda stjórnisýslu og skýra vafaatriði.

Við slíka endurskoðun er mikilvægt að hlustað sé á athugasemdir þeirra sem lögin snerta hvað mest. Í því ljósi vill sambandið hvetja nefndina til að skoða vel og bregðast við þeim ábendingum sem fram koma í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Þá vill sambandið ítreka þær athugasemdir sem sambandið hefur gert á fyrir stigum við 86. gr. en í 2. mgr. er gert ráð fyrir að reglur sveitastjórna um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana þurfi samþykki lögreglustjóra. Að mati sambandsins ætti að vera nægjanlegt að sveitarfélag leiti umsagnar lögreglustjóra en með slíkri breytingu væri stuðlað að markmiði frumvarpsins um einföldun. Sambandið hvetur nefndina til að bregðast við þessari athugasemd.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri